

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps vegna landbúnaðarsvæðis í landi Króks.

Skipulagsstofnun staðfesti 12. janúar 2026 óverulega breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032, sem samþykkt var í sveitarstjórn 3. september 2025.

Í breytingunni felst leiðrétting á landnotkun á bæjartorfu að Króki og næsta nágrenni hennar en hún er skilgreind sem óbyggt svæði ÓB1 í gildandi aðalskipulagi en var landbúnaðarsvæði í eldra aðalskipulagi. Með leiðréttingunni stækkar landbúnaðarsvæði L2 um rúmlega 15 ha.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 12. janúar 2026.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 26. janúar 2026